

Aðalfundur Eyrarskógar og Hrísabrekku frístundafélags 17. apríl 2024

Fundur var settur kl 20:00, 53 aðilar félagsins voru mættir, Ásgeir setti fundinn og lagði til að Anna Karen yrði fundarstjóri og Sverrir fundarritari og var það samþykkt.

Aðalfundurinn var boðaður með löglegum fyrirvara en þó ekki með tölvupósti eins og samþykktir félagsins gera ráð fyrir og athugasemd koma frá Vilhjálmi E90 að þeir sem ekki væru á fundinum væru ekki bundin ákvörðun fundarins.

Skýrsla stjórnar Ásgeir Ásgeirsson flutti skýrsluna

Á síðasta aðalfundi urðu þær breytingar á stjórn, að Hákon Jónas Hákonarson fór úr stjórn.

Í staðinn kom inn Sigurjón Hrafnkelsson Eyrarskóg 93 sem tók við sem ritari.

Að óbreyttu eru í stjórn Ásgeir Ásgeirsson Hrísabrekku 12, Formaður.Sólveig Birgisdóttir Hrísabrekku 8, Gjaldkeri. Varamenn eru : Olga Kristjánsdóttir Eyrarskóg 84 og Ingi Gunnar Jóhannsson Eyrarskóg 83.

Formlegir fundir á tímabilinu voru 2, ásamt óformlegum samskiptum varðandi hin ýmsu málefni.

Framkvæmdanefnd

Í henni sitja :

Finnbogi Kristinsson Hrísabrekku 8

Guðjón Ingvi Jónsson Eyrarskóg 14

Gísli Haraldsson Eyrarskóg 33

Andrés Helgi Hallgrímsson Hrísabrekku 15

Samantekt framkvæmdanefndar vegna funda og framkvæmda á liðnu

starfsári 2023 - 2024

1. Nefndin hefur komið saman og fundað formlega 7 sinnum á liðnu starfsári. Finnbogi, Guðjón Ingvi og Gísli hafa mætt á fundina og ákveðið í samráði við stjórn félagsins, hvernig staðið hefur verið að verkefnavali. Nefndin hefur frá fyrsta degi sett sér það markmið að halda sig innan fjárhagsramma og forgangsraða verkefnum eftir því hversu aðkallandi þau eru.

2. Nefndin hefur staðið frammi fyrir miklum áskorunum á liðnu ári en eftir óvenju harðan vetur komu mjög víða í ljós lekar og skemmdir á lögnum sem varð að gera við strax og stöðva. Aftengja þurfti bústaði og skipta út heimæðarlokum og má segja að ekki hafi verið sá dagur sem ekki þurfti að kalla til menn til að lagfæra eða endurnýja lagnir. Mest mæddi þetta á Guðjóni, hann hefur nánast verið látlaust í vinnu fyrir félagið í tvo mánuði samfleytt og er þetta fyrirkomulag sem getur ekki gengið til

lengdar. Fleiri hendur þurfa að koma til og leggja hönd á plóginn og er nauðsynlegt að koma saman nokkrum aðilum sem eru tilbúnir að skipta með sér verkum.

3. Eins og staðan er í dag þá hefur verið lokað á alla meiriháttar leka og heyrir það orðið til undantekninga að bústaðir séu vatnslausir vegna vatnsleka, hinsvegar er verkefni framundan að flytja stofnlögnina frá bústað no.80 til bústaðar no.66 í Eyrarskógi og þar með dýpka hana og komast í veg fyrir frosttappa sem enn er að myndast á lögninni. Þetta er líklega 100 – 150 metra kafli og er búið að staðsetja þetta nokkuð nákvæmlega.

4. Vatnshæðarmælirinn í Hrísabrekku er ekki að virka jafn vel og Eyrarskógsmælirinn en líklega er um að kenna lélegu netsambandi. Það er búið að sýna sig að búnaðurinn Eyrarskógsmegin er að virka og eykur mikið öryggi og styttingu þann tíma sem fer í að kanna vatnshæðina..

Nefndin er að skoða það að setja blæðingu á 2 – 3 staði á vatnslögnina Eyrarskógsmegin til að opna fyrir ef miklar frosthörkur verða og geta þannig komið í veg fyrir að stofnlagnirnar frjósi. Við þessar aðstæður er nauðsynlegt að geta fylgst með innrennslinu í tankana og vatnshæðarstöðunni með skynjurum. Búið er að keyra mold yfir þar sem vitað var grunnt væri á lögnum en víða hefur komið í ljós að stofnlögnin er aðeins á 40 cm dýpi og er augljóst að þær lagnir frjósa mjög fljótt.

5. Gísli útvegaði okkur bíl af salti til að rykbinda vegina og var sá bill notaður til að sækja toppfni í vegina sem verður notað til að slétta og laga þar sem þörf er á.

6. Rarikfór í að endurnýja spennistöðvar í Eyrarskógi og við það hrundu lagnir í sundur og komu í ljós lagnir sem enginn vissi af. Þetta er ekki gott ástand en okkar menn fylgdust með og kortlögðu og höfðu eftirlit með að frágangur væri fullnægjandi.

7. Enn eru nokkrir aðilar eftir að ganga frá sínum heimæðum og getur ein léleg heimæð orsakað leka og óþægindi fyrir aðra skógarbúa.

8. Hliðmálin hafa verið nokkurnvegin til friðs í sumar og vetur en til stendur að taka nýjar fjarstýringar í notkun sem eiga að virka betur en þær gömlu. Farið verður í það verk með hækkandi sól og er verið að safna saman símanúmerum til að setja inn á nýja kerfið.

9. Veturinn hefur verið leiðinlega umhleyplingasamur, snjómokstur hefur kostað félagið um 200.000 sem er heldur lægri upphæð en í fyrra og er gert ráð fyrir mokstri í kringum páska gerist þess þörf.

Lokið var við stíg í lundinn góða og brúin lengd til að gera aðgengi betra. Þessi verkefni voru að mestu unnin á vinnudaginn. Önnur verkefni voru unnin samkvæmt fjárhagsáætlun, Eins er vert að vekja athygli skógarbúa á vinnudeginum okkar en hann hefur verið notaður m.a. til að grisja og taka til í nágrenninu okkar og við munum skoða nánar hvaða dagsetning við veljum.

Verzlunarmannahelgin verður á sínum stað og dagskrá verður auglýst þegar nær dregur.

Ég vil þakka öllum stjórnarmönnum og sérstaklega framkvæmdanefnd

fyrir sína vinnu fyrir okkar samfélag.

Takk fyrir. Ásgeir Ásgeirsson

Reikningar félagsins voru lagðir fram af gjaldkera félagsins Sólveigu Birgisdóttur

Tekjur félagsins voru tæpar 4 millj og rekstrargjöld tæpar 5,2 millj. Helstu gjaldaliðir vorur vatnsveita 1,8 millj og vegir 1,6 millj. Tækjakaup 745 þús, þar ber helst trjáklari fyrir félagið, niður staðan var því 1,250 þús tap á liðnu starfsári.

Kosning stjórnar

Stjórn verður óbreytt frá fyrra ári

Ásgeir Ásgeirsson var kosinn formaður, Sólveig Birgisdóttir, Sigurjón Hrafnkelsson í stjórn og varamenn Olga Kristjánsdóttir, Ingi Gunnar Jóhannsson.

Sigrún Erlendsdóttir og Steini Þorvalds voru kosin sem skoðunarfolk reikninga.

Finnbogi Kristinsson fór yfir það helsta sem framkvæmdanefnd hafði fyrir stafni á liðnu starfsári.

Borið hefur verið reglulega í vegi og þeir saltaðir, það hefur gefið góða raun. Þá hefur farið mikil vinna í að koma fyrir leka og laga lagnir þar sem þær standa grunnt í jörðu. Lagður var jarðvegur ofna hluta lagnarinnar á neðra svæði í Eyrarskógi. Þá er enn verið að laga lagnir og lokunarkrana á heimalögnum, eitthvað sem þau sem ekki eru með þetta í lagi verða að taka til sín.

Umræða skapaðist um vatnið öllu heldur vatnsleysið, Vilhjálmur E65 telur það grunnþörf að hafa vatn og það verður bara gera það sem þarf til þess að laga þetta, ekki var að hann að setja út á störf nefndarinnar, heldur villa að sett sé meira fjármagn í þennan málaflökk. Aftur á móti hrósar Steini Þorvalds E77 framkvæmdanefnd fyrir þeirra góða starf. Ólafur Ólafsson Eyrlandi 1 og Sverrir E11 töluðu um að lagnir væru orðnar gamlar og telja ekki óeðlilegt að viðhald væri mikið, þá vill Ólafur að gerð sé könnun á meðal félagsmanna hvað margir eru að nota bústaði sína yfir veturinn. Þá stóð Guðni á E94 upp og sagði að hann væri ekki að nota sinn bústað þar sem ekkert vatn væri að hafa. Hákon E73 tjáði fundarfólki að hann væri með heitt vatn og þrýsti því upp kaldvatnslögnina og geymdi það til þess að fá kalt vatn til sín.

Gísli Haraldsson kynnti þá krana sem allir bústaðeigendur ættu að hafa við sín hús, þessi krana kosta 50 þús kr og aðilar í framkvæmdanefnd eru tilbúnir til þess að koma þeim fyrir hjá fólki fyrir lítið verð.

Sólveig hrósaði því fólki sem tæki upp á því að holufylla vegina, gott fordæmi fyrir okkur hin.

Finnbogi biður þá aðila sem tilbúnir eru að koma í framkvæmdanefnd að gefa sig fram

Eftirtaldir hafa boðið fram krafta sína: Hákon E73, Ásmundur E50, Júlíus E61, Sverrir E11 og Ólafur Eyrlandi 1.

Tillaga að framkvæmdaáætlun Eyrarskógs og Hrásabrekku 2024-2025

Lagt fyrir aðalfund félagsins 17.04.2024

Verkefni vinna efni samtals

Vegir ofaníbúður og heflun 700.000 300.000 1.000.000

A.Ó/Snjómokstur/kantahreinsun 350.000 0 350.000

Ræsi viðhald endurnýjun 350.000 100.000 450.000

Girðingar viðhald 0 70.000 70.000

Vatnsveita nýlagnir viðhald 1.000.000 1000.000 2.000.000

Göngustígar endurnýjun/viðhald 150.000 150.000 300.000

Útivist göngubrú Ey.viðhald *100.000 0 100.000

Rekstur tækja og verkfæra 0 400.000 400.000

Öryggishlið Mælar í tönkum 200.000 100.000 300.000

Samtals áætlun: 2.850.000 2.120.000 4.970.000

Stærstu liðir áætlunarinnar eru:

Áframhaldandi endurbætur á stofnæðum vegna frosthættu.

Komið hefur í ljós að stofnlögnin frá E 53 að E 60 er þarf að miklu leyti og þarf að moka yfir hana ásamt

drenlögn sem leggja þarf samhliða henni

Viðhald vega og stíga

Allir efnispættir hafa hækkað verulega og svo er einnig með vinnu.

*Gísli Haraldsson hefur gefið félaginu brú sem þarf að koma fyrir í stað þeirrar gömlu.

Nefndin áskilur sér rétt til að færa til kostnaðarliði ef nauðsyn krefur til að halda sig innan ramma fjárhagsáætlunar. Áætlun þessi var samþykkt að fundarfólki.

Árgjald félagsins:

Tillaga stjórnar er sú að hækka gjaldið í 42 þús kr þetta árið, nokkuð lífleg umræða skaðaðist um þessa tillögu, Steini Þorvalds kom með þá tillögu að hafa félagsgjaldið í 42 þús og 10 þús sem væri fært sem framkvæmdagjald, sem væri hægt að taka af á næsta ári ef ekki verður þörf á auknu fjármagni. Þar sem þessi tillaga náði lengra, þá var hún borin upp og samþykkt að fundarfólki.

Önnur mál:

Gísli Haraldsson E33 skorar á stjórn að koma á flóttaleiðum frá Eyrarskógi, þetta er brýnt málefni þar sem skógurinn hefur vaxið mikið nú á undanförunum árum. Þróstur E90 leyfir framkvæmdanefnd að fara með lögn í gegum landið sitt, til þess að bæta lagnakerfið. Guðjón E14 vill að mokað sé jafnt fyrir alla þegar snjómokstur á sér stað. Hákon E73 gat þess að ekki væru við að standa okkur vel í að flokka ruslið sem kemur frá okkur. Ekki kom fleira fram á þessum fundi og var fundi slitið kl 21:30.

Sverrir Davíð Hauksson fundarritari